

REGLUGERÐ
um breytingu á reglugerð nr. 155/2007 um stærð og þyngd ökutækja,
með síðari breytingum.

1. gr.

Viðauki VI við reglugerðina fellur brott og í stað hans kemur nýr viðauki VI, sem birtur er með reglugerð þessari.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 65., 75., og 76. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og öðlast þegar gildi.













Innanríkisráðuneytinu, 27. febrúar 2013.

Ögmundur Jónasson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

VIÐAUKI VI

Á vegum þar sem takmarka verður leyfðan áspunga vegna aurbleytu eða af öðrum ástæðum við 2, 5, 7 eða 10 tonn gilda eftirfarandi reglur um mesta leyfðan ás- og heildarþunga:

		Burðarflokkar			
					
	Ásar	10 tonn	7 tonn	5 tonn	2 tonn
Ás með tveimur hjólum		7	5 ^{*1)}	3	2
Ás með fjórum hjólum		10	7	5	2
Tvíás með fjórum hjólum Bil milli ása 1,3 - 1,8		11	7	5	2
Tvíás með sexhjólum Bil milli ása 1,3 - 1,8		13,5	9	6,5	2
Tvíás með átta hjólum Bil milli ása 1,3 - 1,8		16	11	8	2
Þríás með sex hjólum Bil milli ása 1,3 - 1,4		16	11 ^{*2)}	8 ^{*2)}	2
Þríás með tíu hjólum Bil milli ása 1,3 - 1,4		20	13,5 ^{*2)}	10 ^{*2)}	2
Þríás með tólf hjólum Bil milli ása 1,3 - 1,4		22	15 ^{*2)}	11 ^{*2)}	2

Takmörkun á heildarþunga samtengdra ökutækja eftir burðarflokkum þegar heildarþungi er einnig takmarkaður.				
--	---	--	---	---

^{*1)} Lágmarkskrafa um hjólbarðastærð 1100 x 22,5. Fyrir minni hjólbarða er leyfður 4ra tonna áspungi. Fyrir hjólbarðastærð 365/65R22,5 með 7,5 bör eða 109 psi loftþrýsting er leyfður 6 tonna áspungi.

^{*2)} Lágmarkskrafa um hjólbarðastærð 1100 x 22,5. Fyrir minni hjólbarða reiknast þríás með sex hjólum sem tvíás með fjórum hjólum. Þríás með tólf hjólum reiknast sem tvíás með átta hjólum.


^{*3)} Heildarþungi, við 10 tonna takmörkun fyrir undanþáguvagnlestir samkvæmt 12. grein, allt að 49 tonn fyrir sex ása vagnlestir og allt að 44 tonn fyrir 5 ása vagnlestir og við 7 tonna takmörkun, allt að 39 tonn fyrir sex ása vagnlestir og allt að 37 tonn fyrir 5 ása vagnlestir, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, sjá meðfylgjandi fylgiskjöl.

Fylgiskjal 1 með viðauka VI.

Undanþágur þegar sett er á 10 tonna þungatakmörkun.

Þegar sett er á 10 tonna þungatakmörkun er þeim ökutækjum/vagnlestum, sem hafa 49 tonna undanþágu á 6 ása vagnlestum og 44 tonna undanþágu á 5 ása vagnlestum, heimilt að aka neðangreindan áspunga/heildarþunga með skilyrðum um að loftþrýstingur hjólbarða sé takmarkaður að hámarki við 7 bör eða 102 psi í hjólbörðum framása (eða 7,5 bör eða 109 psi sé framás með loftfjöðrum eða öðrum búnaði sem telst jafngildur eða með hjólbardastærð að lágmarki 385/65R22,5) og 6 bör eða 87 psi í hjólbörðum afturása, mælt í köldum hjólbarða.

Á takmörkunarköflum má búast við að leyfður hámarkshraði verði lækkaður verulega og er lögð þung áhersla á að ökumenn fylgist vel með merkingum þar að lútandi til að lágmarka þungaálagið eins og kostur er.



Fylgiskjal 2 með viðauka VI.

Undanþágur þegar sett er á 7 tonna þungatakmörkun.

Þegar sett er á 7 tonna þungatakmörkun er þeim ökutækjum/vagnlestum, sem hafa 49 tonna undanþágu á 6 ása vagnlestum og 44 tonna undanþágu á 5 ása vagnlestum, heimilt að aka meðangreindan áspunga/heildarþunga með skilyrðum um að loftþrýstingur hjólbarða sé takmarkaður að hámarki við 7 bör eða 102 psi í hjólbörðum framása (eða 7,5 bör eða 109 psi sé framás með loftfjörðum eða öðrum búnaði sem telst jafngildur eða með hjólbardastærð að lágmarki 385/65R22,5) og 6 bör eða 87 psi í hjólbörðum afturása, mælt í köldum hjólbörða.

Á takmörkunarköflum má búast við að leyfður hámarks hraði verði lækkaður verulega og er lögð þung áhersla á að ökumenn fylgist vel með merkingum þar að lútandi til að lágmarka þungaálagið eins og kostur er.

